


Alþingi
Erindi nr. P 139/921
komudagur 10.12.2010



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006 um atvinnuleysistryggingar, 339. mál.

Stjórnvöld standa nú frammi fyrir miklum niðurskurði ríkisútgjalda og því eðlilegt að jafnframt verði skoðað með hvaða hætti draga megi úr útgjöldum Atvinnuleysistryggingasjóðs. Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2011 gerir ráð fyrir að útgjöld sjóðsins dragist saman um 2,4 milljarða vegna lækkandi atvinnuleysis á árinu 2011 en nýr spár um hagvöxt og atvinnuleysi fyrir árið 2011 gefa hins vegar til kynna að það takmark muni ekki nást. Atvinnuleysistryggingasjóði var jafnframt gert að spara 500 m.kr. með breyttum reglum en frumvarp þetta gerir hins vegar ráð fyrir auknum kostnaði. Engin tilraun er gerð til að leggja fram raunhæfar sparnaðartillögur ef frá er talin tillaga um 30% skerðingu starfshlutfalls í bráðabirgðaákvæði um hlutabætur. Sú ráðstöfun dugar skammt og er því mikilvægt að líta til annarra þátta til að draga úr útgjöldum sjóðsins.

Bráðabirgðaákvæði V um hlutabætur til launamanna

Samtök atvinnulífsins hafa lengi bent á að 10 – 20% skerðing starfshlutfalls eigi ekki að veita rétt til atvinnuleysisbóta. SA hafa í því sambandi bent á að margt launafólk hafi þurft að þola lækkun fastra launa, lækkun tekna vegna minni yfirvinnu og uppsögn á fastri yfirvinnu. Engar bætur eru greiddar til þessa fólks. Því er óeðlilegt að einstaklingur á föstum launum geti fengið tekjutengdar bætur ef starfshlutfall skerðist einungis um 10-20%. SA eru því fylgjandi því að miðað verði við 30% skerðingu starfshlutfalls.

Hámark launa í hlutastarfi auk bóta er skv. frumvarpinu um hálf milljón. Ljóst er að fjárhæð þessi er mun hærri en gengur og gerist í öðrum bótakerfum. Mælt er með að hámark þetta verði lækkað verulega.

Bráðabirgðaákvæði VI um hlutabætur til sjálfstætt starfandi

Sjálfstætt starfandi einstaklingar eiga skv. lögum um atvinnuleysistryggingar, IV. kafla, rétt á atvinnuleysisbótum ef þeir þurfa að stöðva rekstur sinni, þ.e. verða atvinnulausir. Ekki er gert ráð fyrir rekstrarstyrkjum til sjálfstætt starfandi ef samdráttur verður í rekstri þeirra, ekki frekar en að einkahlutafélög fái bætur ef sömu aðstæður koma upp. Bráðabirgðaákvæði VI veiti sjálfstætt starfandi hins vegar rétt á rekstrarstyrkjum úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem varla samræmist tilgangi sjóðsins. Draga má í efa að þessir einstaklingar uppfylli skilyrði laganna um að vera í virkri atvinnuleit og vera tilbúnir að taka starfi þegar býðst. Engar forsendur eru fyrir frekari framlengingu þessa ákvæðis.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Lenging bótatímabils í fjögur ár

SA leggjast ekki gegn tillögu um tímabundna lengingu bótatímabilsis í fjögur ár. Samtökin lögðu til að ákvæði þetta yrði afmarkað við þá einstaklinga sem komu nýjir inn á skrá haustið 2008 en í frumvarpinu er miðað við 1. maí 2008. SA geta fallist á þá málamiðlun en telja ekki forsendur fyrir meiri afturvirkni.

SA benda á að 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins er merkingarlaus því þegar einstaklingar hafa fullnýtt fjögurra ára bótatímabil, sem mun í fyrsta lagi gerast 30. apríl 2012, þá er bráðabirgðaákvæði þetta úr gildi fallið. Betra er að hafa sjálfstætt bráðabirgðaákvæði sem segir að ákvæði 30. gr. nái einnig til þeirra einstaklinga sem fengið hafa greiddar atvinnuleysisbætur í fjögur ár.

Virðingarfyllt,

Ragnar Arnason, hdl.
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs SA